

**HEILBRIGÐISNEFND  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
102. fundur – 30. maí 2006**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, þriðjudaginn 30. maí 2006, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

**1. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 24. apríl 2006.**

Samþykkt.

**2. Fundargerð 87. starfsmannafundar frá 24. maí 2006.**

**2.1 Starfsleyfi.**

**Álftanes**

2.1.1 Breiðamýri, Álftanesi - leikskóli.

Lögð fram umsókn Ragnhildar Skúladóttur, fh., Sveitarfélagsins Álftaness, kt. 440169-6869 dags. 27.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla, með fullbúnu eldhúsi að Breiðumýri, Álftanesi. Ný starfsemin.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**Garðabær**

2.1.2 Garðatorg 7, Garðabæ - nuddstofa.

Lögð fram umsókn Bryndísar Böðvarsdóttur, kt. 130265-5029, dags. 09.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nuddstofu, að Garðatorgi 7, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.3 Skeiðarás 12, Garðabæ - niðurrif húss.

Lögð fram umsókn Kristins Jörundssonar, fh., Ris ehf., kt. 610566-0149, dags. 15.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Skeiðarási 12, Garðabæ. Tímabundið leyfi. Veiting starfsleyfis staðfest.

2.1.4 Vesturhraun 3, Garðabæ - járn- ál- og stálsmiðja.

Lögð fram umsókn Lofts Árnasonar, fh., Ístaks hf., kt. 540671-0959, dags. 28.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs járn- ál- og stálsmiðju að Vesturhrauni 3, Garðabæ.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára.

**Hafnarfjörður**

2.1.1 Fjarðargata 13-15, Hafnarfirði - bónstöð, handvirk.

Lögð fram umsókn Sigmars Víðis Magnússonar, kt. 040982-4269, dags. 15.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs handvirkrar bónstöðvar að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði.

Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.2 Hjallahraun 4, Hafnarfirði - hjólbarðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Helgu Classen, fh., Dekkjalagersins ehf., kt. 490902-2360, dags. 10.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjólbarðaverkstæðis að Hjallahrauni 4, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

#### 2.1.3 Krýsuvíkurvegur, Hafnarfirði - skreiðarhjallar

Lögð fram umsókn Aðalsteins Sæmundssonar, fh. Þurrkaðra fiskafurða, Hvaleyrarbraut 26, kt. 710796 - 2119, dags. 27.04.2006, þar sem sótt er um leyfi fyrir skreiðahjalla á skilgreindum lóðarreit inni á fjarsvæði vatnsverndar við Krýsuvíkurveg. Fram kemur í gögnum að Umhverfis- og tæknisvið Hafnarfjarðar hefur fallist á erindið með fyrirvara um samþykkt starfsleyfis.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

#### 2.1.4 Lækjargata 34c, Hafnarfirði - verslun með vörur sem innihalda varasöm efni.

Lögð fram umsókn Jónu Sigurðardóttur, fh. Húsheima ehf. kt. 470104-3330, dags. 21.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með vörur sem innihalda varasöm efni að Lækjargötu 34c, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

#### 2.1.5 Melabraut 13-15, Hafnarfirði - Meðferð úrgangs

Lögð fram umsókn Gísla Óskarssonar, f.h. Holræsahreinsunar ehf. kt. 430687-1829, dags. 26. apríl 2006 þar sem sótt er um starfsleyfi við hreinsun úrgangs úr mengunarvarnabúnaði og hreinsun fráveitukerfa.

Nýtt starfsleyfi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 10 ára með vísun til starfsleyfisskilyrða og samráðs við Umhverfisstofnun.

#### 2.1.6 Óseyrarbraut 2, Hafnarfirði - matsölustaður.

Lögð fram umsókn Jóns Guðmundssonar, fh. Fákar og Fólk ehf., kt. 520105-2550, dags. 28.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matsölustaðar að Óseyrarbraut 2, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

#### 2.1.7 Strandgata 28, Hafnarfirði - niðurrif húss.

Lögð fram umsókn Andrésar Sigurðssonar, fh., A.B.L.tak ehf., kt. 590499-4049, dags.

24.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Strandgötu 28, Hafnarfirði.

Tímabundið leyfi.

Veiting starfsleyfis staðfest.

#### 2.1.8 Strandgata 75, Hafnarfirði - dægradvöl.

Lögð fram umsókn Hauks Helgasonar, fh., Drafnarhús, félag, kt. 490605-0450, dags.

24.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dægradvalar að Strandgötu 75, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

#### 2.1.9 Strandgata 90, Hafnarfirði - málmsmíði.

Lögð fram umsókn Ellerts Ólafssonar, kt. 160669-3309, dags. 17.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmíði að Strandgötu 90, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

### **Kópavogur**

#### 2.1.10 Bakkabraut 6, Kópavogi - kjötvinnsla.

Lögð fram umsókn Guðmundar Haraldssonar, fh. Skutuls ehf., kt. 590698-2539, dags. 10.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kjötvinnslu að Bakkabraut 6, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 10 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.1.11 Bakkabraut 8, Kópavogi - viðgerðarverkstæði.

Lögð fram að nýju umsókn Auberts Högnasonar, kt. 190448-3049, dags. 27.02.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs viðgerðarverkstæðis að Bakkabraut 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 10 ára.

#### 2.1.12 Engihjalli 8, Kópavogur - sala á tilbúnum mat.

Lögð fram umsókn Rattanaporn Yoobanphot, fh. Thailand ehf., kt. 711005-0130, dags. 22.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til sölu á tilbúnum mat að Engihjalla 8, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

#### 2.1.13 Grófarsmári 26, Kópavogi - hársnyrtistofa.

Lögð fram umsókn Rósu G. Svavarsdóttur, kt. 280961-3969, dags. 04.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Grófarsmára 26, Kópavogi. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

#### 2.1.14 Hagasmári 1, Kópavogi - tívolí og sælgætissala.

Lögð fram umsókn Evu Hrundar Willatzen, fh. Taylors Tivoli Funland, kt. 610703-2320, dags. 12.05.2006, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til reksturs tívolítækja og sölu sælgætis á lóð Smáralindar að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er mælt með starfsleyfi fyrir tímabundna starfsemi frá 23. júní til og með 13. ágúst nk. með fyrirvara um fullnægjandi úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.1.15 Hamraborg 14, Kópavogi - snyrtistofa og snyrtivöruverslun.

Lögð fram umsókn Bjargar Kr. Sigþórsdóttir, fh., Bylgjan og Ghost ehf., kt. 431194-2289, dags. 23.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu og snyrtivöruverslunar að Hamraborg 14, Kópavogi. Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

#### 2.1.16 Hamraborg 22, Kópavogi - rakarastofa.

Lögð fram umsókn Stefáns R. Jónssonar kt. 100847-7369, dags. 15.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs rakarastofu að Hamraborg 22, Kópavogi. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

#### 2.1.17 Hlíðasmári 17, Kópavogi - verslun með matvæli, fegrunar- og snyrtiefni.

Lögð fram umsókn Halldóru Magnúsdóttur, fh., Forever Living Products ehf., kt. 511099-2189 dags. 10.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með matvæli, fegrunar- og snyrtiefni að Hlíðasmára 17, Kópavogi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

#### 2.1.18 Sandskeið, Kópavogi - framkvæmdir við vélflugbraut.

Lagt fram erindi Hermanns Hermannssonar, f.h. Flugmálastjórnar Íslands, Reykjavíkurlflugvelli, 101, Reykjavík, dags. 19. maí 2006, þar sem sótt er um starfsleyfi vegna framkvæmda við vélflugbraut á Sandskeiði.

Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 26. ágúst 2004 um að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt að veita leyfi til allt að sex mánaða.

#### 2.1.19 Skemmuvegur 12, Kópavogi - sala á tilbúnum mat.

Lögð fram umsókn Sæmundar Kristjánsson, fh. Á næstu grösum ehf., kt. 490699-2799, dags. 17.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til sölu á tilbúnum mat að Skemmuvegi 12, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

#### 2.1.20 Smiðjuvegur 9, Kópavogi - trésmiðja með lökkun.

Lögð fram umsókn Eyjólfssonar, fh. Axis húsgögn ehf., kt. 621289-1529, dags. 08.04.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmiðju með lökkun að Smiðjuvegi 9, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 2.1.21 Smiðjuvegur 10-12, Kópavogi - prentiðnaður.

Lögð fram umsókn Guðmundar Sigþórssonar, fh. Hexa ehf., kt. 520903-2590, dags. 24.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentiðnaðar að Smiðjuvegi 10-12, Kópavogi. Eigendaskipti og viðbætur á húsnæði.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.1.22 Ögurhvarf 1, Kópavogi - verslun með vörur sem innihalda varasöm efni.

Lögð fram umsókn Jón Birgis Gunnarssonar, fh. Húsasmiðjunnar hf. kt. 520171-0299, dags. 08.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með vörur sem innihalda varasöm efni að Ögurhvarfi 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2000-2012, samþ. 23.04.2002, er starfsemin á blönduðu svæði, verslunar, þjónustu, og athafna.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 2.1.23 Ögurhvarf 3, Kópavogi - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Auðuns Pálssonar, fh. Bónus ehf., kt. 450199-3389, dags. 09.05.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Ögurhvarfi 3, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## 2.2 Umsagnir

### Garðabær

#### 2.2.1 Garðaholt, Garðabær - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 12.05.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigríðar Einarsdóttur, um endurnýjun á veitingaleyfi, fyrir félagsheimilið Garðaholt, kt. 480578-1209, Garðaholti Garðabæ.

Afgreiðslu frestað og óskað áætlunar um úrbætur á húsnæði.

#### 2.2.2 Heiðmörk, Garðabær - leyfi til tónleikahalds.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 08.05.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Árna Guðjónssonar, kt. 260388-2319, Arnars Hilmarssonar, kt. 060487-3169 og Davíðs Arnars Baldurssonar, kt. 051287-2159, eftir leyfi til að halda tónleika í Heiðmörk, 12. maí eða fyrstu helgina í júní.

Neikvæð umsögn er veitt þar sem um er að ræða grannsvæði vatnsbóla og ekki aðstaða til samkomuhalds.

### Hafnarfjörður

#### 2.2.3 Ásvellir, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 12.05.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Björns Brandssonar, um veitingaleyfi, fyrir íþróttahúsið Ásvöllum, kt. 600169-0419, 19.05.2006 vegna lokahófs handknattleiksdeildar Hauka. Reiknað er með 150 manns. Jákvæð umsögn staðfest.

#### 2.2.4 Flatahraun 21, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 10.05.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Árna Björnssonar, um veitingaleyfi fyrir Bada Bing, sem fyrirhugað er að opna að Flatahrauni 21, Hafnarfirði. Jákvæð umsögn samþykkt.

#### 2.2.5 Kaplakriki, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 21.04.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Péturs Ó. Stephensen, um veitingaleyfi, fyrir hönd knattspyrnudeildar FH, kt. 410687-1359, vegna herrakvölds sem fyrirhugað er að halda í íþróttahúsi Kaplakrika, Hafnarfirði, 05.05.2006. Jákvæð umsögn staðfest.

#### 2.2.6 Óseyrarbraut 2, Hafnarfirði - vínveitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá skrifstofustjóra Hafnarfjarðarbæjar, dags. 28.04.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Jóns Ó. Guðmundssonar um vínveitingaleyfi fyrir Kænuna, Óseyrarbraut 2, Hafnarfirði. Jákvæð umsögn samþykkt með tilliti til svipmóts.

### Kópavogur

#### 2.2.7 Engihjalli 8, Kópavogi - greiðasöluleyfi.

Lagt fram að bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 17.05.2006, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Rattanaporn Yoobanphot, fh. Thailand ehf., kt. 711005-0130, sem sækir um leyfi til að reka greiðasölu að Engihjalla 8, Kópavogi. Jákvæð umsögn samþykkt.

#### 2.2.8 Hamraborg 20, Kópavogi - vínveitingaleyfi.

Lagt fram að bréf bæjarlögmannsins í Kópavogi, dags. 25.04.2006, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðlaugs Kristjánssonar, kt 050758-6649, sem sækir um endurnýjun á leyfi til áfengisveitinga í Videomarkaðnum, Hamraborg 20, Kópavogi. Jákvæð umsögn samþykkt með tilliti til svipmóts.

#### 2.2.9 Nýbýlavegur 22, Kópavogi - vínveitingaleyfi.

Lagt fram að bréf bæjarlögmannsins í Kópavogi, dags. 16.05.2006, þar sem óskað er umsagnar á umsókn FoodCo hf, kt. 660302-2630, um leyfi til áfengisveitinga vegna tilkomu nýs rekstraraðila í American Style, Nýbýlavegi 22, Kópavogi. Jákvæð umsögn samþykkt með tilliti til svipmóts.

### 2.3 Annað

#### 2.3.1 Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Lögð fram skýrsla um eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Örverumælingar á unnum kjötvörum 2006. Niðurstöður birtar á síðu Umhverfisstofnunar, <http://www.ust.is/>

### 3 Krafa um endurskoðun og afturköllun á starfsleyfi Paintball ehf.

Lagt fram að nýju erindi Ármanns Fr. Ármannssonar lögfr. f.h. Ragnars Aðalsteinssonar hrl., dags. 20. febrúar 2006, þar sem gerð er krafa um endurskoðun og afturköllun á starfsleyfi Paintball ehf. að Litlabæ í landi Öttarstaða, Hafnarfirði, vegna alvarlegra annmarka á framkvæmd og skaðleggrar áhrifa starfseminnar.

Lagt fram að nýju erindi Hilmars Magnússonar hrl. hjá Lögskil ehf. f.h. Paintball ehf., dags. 30. mars 2006 þar sem andmælt er framkominni kröfu um endurskoðun og afturköllun á starfsleyfi.

Lögð fram skýrsla Heilbrigðiseftirlitsins vegna eftirlits þann 11. maí 2006.  
Lagt fram afrit af erindi Sýslumannsins í Hafnarfirði til Ríkislögreglustjórans vegna leiksvæðis fyrir litmerkibýssur, Óttarstaðagerði 2080969, "Litli bær í Óttastaðalandi" sunnan Straumsvíkur, Hafnarfirði, frá 8. mars 2006.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:  
"Hafnað er kröfu um endurskoðun og afturköllun á starfsleyfi Paintball ehf. að Litlabæ í landi Óttarstaða í Hafnarfirði, en lagt fyrir rekstraraðila að framkvæma úrbætur varðandi meðferð úrgangs og bæta snyrtiaðstöðu."

## **4 Vatnsvernd**

### **4.1 Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd**

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 6. apríl 2006.

### **4.2 Landmótun og frágangur efnisnámu.**

Lagt fram að nýju erindi Þórarins Hjaltasonar, bæjarverkfræðings dags. 20. mars 2006, f.h. tæknideildar Kópavogs varðandi landmótun og frágang efnisnámu við Lækjarbotna. Erindinu var vísað til umsagnar heilbrigðisnefndar Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsverndarsvæðin.

Lagt fram bréf Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar dags. 16. maí 2006 varðandi afgreiðslu Umhverfissráðs Reykjavíkur frá 15. maí 2006, þar sem fram kemur að ráðið telji umrædda framkvæmd í andstöðu við ákvæði samþykktar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs.

Heilbrigðisnefnd óskar álits Umhverfisstofnunar á því hvort um úrgang sé að ræða.

### **4.3 Athafnasvæði fyrir Skotfélag Kópavogs**

#### **4.3.1.1 Úr fundargerðabók skipulagsnefndar Kópavogs 16. maí 2006**

Lagt fram erindi Birgis H. Sigurssonar skipulagsstjóra dags. 23. maí 2006 varandi bókun skipulagsnefndar Kópavogs þann 16. maí 2006 um "Skotfélag Kópavogs, útiaðstaða fyrir íþróttaskotfimi. Með vísun til samþykktar heilbrigðisnefndar þann 24. apríl 2006 óskar skipulagsnefnd eftir tillögu um á hvern hátt sé hægt að tryggja mengunarvarnir á skotsvæðinu.

Heilbrigðisnefnd ítrekar að erfitt sé að sjá hvernig tryggjum mengunarvörnum verði komið við á svæði sem hentar jafn illa fyrir slíka starfsemi og bendir á að fara megi í umhverfismat í samræmi við ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum

#### **4.3.1.2 Afgreiðsla Umhverfissráðs Reykjavíkur 15. maí 2006**

Lagt fram erindi bréf Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar dags. 16. maí 2006 varðandi afgreiðslu Umhverfissráðs Reykjavíkur frá 15. maí 2006, þar sem fram kemur að ráðið geri umsögn framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu vegna athafnasvæðis fyrir Skotfélag Kópavogs í Lækjarbotnum suður af Fossvallarétt að sinni."

## **5 Önnur mál**

### **5.1 Ársskýrsla Sorpu 2005**

Lagt fram erindi Sorpu bs. dags. 10. maí 2006 ásamt ársskýrslu 2005.

## **5.2 Sumarstarfsmaður**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ráðningu starfsmanns til afleysingar í sumar.

## **5.3 Vorfundur Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits**

Lögð fram fundargerð vorfundar Umhverfisstofnunar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlits þann 18. og 19. maí 2006.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:20

Loftur Þór Pétursson

Árni Sverrisson

Andrés Pétursson

Richard Hansen

Gestur Pétursson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson